

Danska 6. bekkur

Kennari: Þuríður Lilja Valtýsdóttir

Almennt um kennsluna

Kennslustundafjöldi er 2 kennslustundir á viku.

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til þjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir dönsku eru sett fram í sjö flokkum.

Hlustun

- Að nemandi geti skilið einföld samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og byrjað að nýta sér í ræðu og riti.
- Að nemandi skilji talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og dýr.

Lesskilningur

- Að nemandi geti lesið stutta texta og auðlesna af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál, fundið afmarkaðar upplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu, lesið sér til gagns og gamans stuttar auðlesnar bækur.

Samskipti og frásögn

- Að nemandi geti haldið uppi einföldum samræðum með orðaforða sem tengist efnistöfum.

Ritun

- Að nemandi geti lýst í einföldu máli því sem hann hefur lesið.

Menningarlæsi

- Að nemandi geti sýnt fram á að hann þekkir til ytri umgjarðar menningarsvæðisins.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum orðum sem hann þekkir.

Námshæfni

- Að nemandi sýnir ábyrgð í námi t.d., vinnur effir bestu getu
- og fylgist með því sem fram fer í náminu.
- Sýnir frumkvæði og sjálfsþjargarviðleitni við lausn.

Skipulag kennslunnar

Innlagnir, paravinna, hópavinna, einstaklingsvinna, umræður, spurt og svarað og skapandi vinna.

Námsgögn: Start lesbók og vinnubók er grunnnáms efni vetrarins. Annað efni er t.d. efni af vef, myndbönd, tónlist o.fl.

Kennsluskipulag: *með fyrirvara um breytingar*

Námsmat

Námsmat myndar eina heild. Leitast er við að hafa námsmatið fjölbreytt og að það endurspegli sem best færni nemenda á ólíkum sviðum.

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor. Umsögn að vori.